131 22. nóv. **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu* **um endurgjald á tolli af vínföngum sem ætluð voru til skipsforða.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Vopnafirði, þarsem hann beiðist endurborgunar á 36 kr., sem hann samkvæmt kröfu yðar hefur greitt í toll af 120 pottum af 8° brennivíni, er fluttust til Vopnafjarðar með skipinu «Harriet» 13. marz þ. á. og voru tilfærðir á tollskránni sem skipsforði ásamt 118 pottum af 8° brennivíni, 40 pottum af 8° spiritus og 14 flöskum af öðrum vínföngum.

Að vísu er nú skipsforði sá, sem skipið «Harriet» samkvæmt þessu hefur haft meðferðis, meiri en hæfilegt getur álitizt handa nokkru verzlunarskipi (sbr. brjef ráðgjafans 1. marz 1883, Stjórnartíð. B. 43), en með því að verzlunarstjóri Örum & Wulffs hefur upplýst, að áhöfn skipsins hafi verið meiri en venjulegt sje, sakir þess, að það hafi átt að stunda fiskiveiðar hjer við landið síðastliðið sumar, og með því að jeg verð að álíta, að ekki verði komizt hjá að telja alla þá til «skipverja sjálfra» (sbr. 2. gr. í tilsk. 26. febr. 1872), sem á skipið hafa verið ráðnir á útgjörðarstaðnum, þó að þeir sjeu nokkru fleiri fyrir það, að skipið er ætlað til fiskiveiða, en það sjest ekki á brjefi yðar eða verzlunarstjórans, hve margir þessir skipverjar voru, þá vil jeg ekki að svo komnu leggja neinn úrskurð á um það, hvort endurgjalda megi hinar hjerumræddu 36 kr., en býst við, að þjer látið fylgja tollreikningi yðar fyrir þ. á. skýrslu um tölu skipverja á ofannefndu skipi, og um það, hve lengi það hafi átt að vera hjer við land við fiskiveiðar með sömu áhöfn og á því kom, og mun það þá koma til úrskurðar á venjulegan hátt, hvort framtal á vínfangaforða þess hafi verið hæfilegt.

Auglýsing.

132 24. nóv. Með því að alþingismaður Austur-Skaptafellssýslu, dannebrogsmaður Stefán Eiríksson, er dáinn 12. september síðastliðinn, er hjermeð samkvæmt 27. gr. laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 fyrirskipað, að kosning á alþingismanni fyrir Austur-Skaptafellssýslu um þingtíma þann, er Stefán heitinn Eiríksson átti eptir, skuli fram fara fyrir 1. júní 1885.

Þetta er hjermeð birt öllum hlutaðeigendum, og er lagt fyrir kjörstjórnina í Austur-Skaptafellssýslu að undirbúa kosningu þessa og stjórna henni samkvæmt fyrirmælum ofannefndra kosningarlaga.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. nóvember 1884.

Bergur Thorberg.

Jón Jensson.

KONUNGSLEYFI

17. október 1884 var lyfsala í Stykkishólmi E. Möller veitt af konungi leyfi til að hafa aukalyfjabúð (Filialapothek) á Ísafirði jafnframt lyfjaverzlun sinni í Stykkishólmi.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Vestmannaeyjar (Ofanleitissókn) í Rangárvallaprófastsdæmi. Prestsekkja er í brauðinu. Tekjuupphæð þess að meðtöldu 600 kr. árlegu tillagi úr landssjóði er í brauðamati því, er staðfest var með konungsúrskurði 3. október 1884 (Stj.tíð. A. 14.), talin 1407 kr. 36 a. Prestakallið er auglýst 24. nóv. 1884.